

Október 2025



Þróunarverkefnið MEMM – menntun, móttaka, menning Áfangaskýrsla

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Þróunarverkefnið er leitt af mennta- og barnamálaráðuneyti og unnið í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Reykjavíkurborg í víðtæku samráði við helstu haghafa, sveitarfélög og stofnanir.

Verkefnastjórn MEMM:

Bergdís Wilson, sviðsstjóri skólaþróunarsviðs MMS

Donata H. Bukowska, sérfræðingur MRN – starfsmaður MEMM

Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis hjá Reykjavíkurborg

Freyja Birgisdóttir, sviðsstjóri matssviðs MMS

Fríða B. Jónsdóttir, sérfræðingur MRN – samhæfingarstjóri MEMM

Katrín Friðriksdóttir, sviðsstjóri námsgagnasviðs MMS

Óttarr Ólafur Proppé, sérfræðingur MRN

Þórdís Sigurðardóttir, forstjóri Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu.

Samhæfingarteymi MEMM:

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Donata H. Bukowska, starfsmaður MEMM hjá MRN

Erla Guðrún Gísladóttir, Ísbrú félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál

Fríða B. Jónsdóttir, samhæfingarstjóri MEMM hjá MRN

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

Hermína Gunnþórsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Karen Rut Gísladóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Kristín Jónsdóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Óttarr Ólafur Proppé, sérfræðingur MRN

Renata Emilsson Peskova, Móðurmál, samtök um tvítyngi

Sigrún Einarsdóttir, Kennarasamband Íslands

Sigrún Gunnarsdóttir, Kennarasamband Íslands

Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir, Kennarasamband Íslands

Svava Rán Valgeirsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

Þorbjörg Halldórsdóttir, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Október 2025

mrn@mrn.is

www.mrn.is

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	3
Inngangur	4
1. MEMM verkefnið – menntun, móttaka, menning	6
Upphaf MEMM, markmið og tilgangur	7
2. Framkvæmd verkefnisins	10
Þróun MEMM í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	11
MEMM og tengsl við málefnasvið mennta- og barnamálaráðuneytis	16
3. Mælikvarðar og Mat á verkefninu	19
4. Næstu skref og framtíðarsýn	23
5. Viðaukar	27
Viðauki 1 - Samkomulag um verkefnið	27
Viðauki 2 - Tímalína MEMM	31
Viðauki 3 - Kynningarefni MEMM	32
Viðauki 4 - Ályktun frá málþingi framhaldsskóla	32
Viðauki 5 - Íslenskubró í Breiðholti – tillögur verkefnisstjórnar	34
Viðauki 6 - Áætlun um fræðslu og kynningar haustið 2025	35
Heimildaskrá	36


MYNDASKRÁ

Mynd 1. Þróun á hlutfalli nemenda með erlendan bakgrunn

Mynd 2. Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri MMS, og gestir við undirritun samkomulags um MEMM

INNGANGUR

Á liðnum árum hafa orðið miklar samfélagsbreytingar á Íslandi sem haldast í hendur við þá þróun sem við sjáum í heiminum. Síðustu tíu ár hefur hlutfall innflytjenda á Íslandi hækkað úr 8% í 19% og í leik- og grunnskólum landsins eru börn innflytjenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn orðin um það bil þriðjungur að meðaltali (Hagstofa Íslands).



Mynd 1. Þróun á hlutfalli nemenda með erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands)

Um er að ræða fjölbreyttan hóp með ólíkan félagslegan, efnahagslegan og menningarlegan bakgrunn. Mikil aukning hefur verið í hópi barna með flóttabakgrunn síðastliðin ár. Viðkvæm staða þeirra barna og áfallasaga kallar á enn frekari stuðning innan skólakerfisins til viðbótar við þann stuðning sem mörg önnur börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þurfa, eins og bent hefur verið á í úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks (Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 2024). Líklegt er að þessi þróun haldi áfram og því er löngu tímabært að bregðast við víðtæku ákalli um að málefnum þeirra barna verði betur sinnt. Það ákall endurspeglast í niðurstöðum rannsókna, könnunum, skýrslum, úttekum og röddum starfsfólks í menntakerfinu, sem og röddum barna og foreldra úr hópi innflytjenda.

Í nýlegri skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf sem kom út í júní 2025 (OECD, 2025) er sérstaklega fjallað um þær áskoranir sem blasa við í menntun barna innflytjenda. Hér á landi er munur á PISA-einkunnum nemenda með innflytjendabakgrunn og innfæddra nemenda einn sá mesti innan OECD-ríkjanna. Meira en helming barna innflytjenda skortir

lesskilning til að geta haldið áfram í námi eða farið út á vinnumarkað. OECD leggur áherslu á að kerfisbundnar breytingar séu nauðsynlegar til að mæta þörfum fjöltyngdra nemenda og að samstarf skóla, frístundastarfs, sveitarfélaga og ríkis sé forsenda árangurs. Skýrslan undirstrikar einnig mikilvægi faglegs stuðnings við kennara, bæði í starfsþróun og kennaramenntuninni sjálfri.

Hluti af mótun menntastefnu til 2030 fólst í vinnu starfshóps um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem lagði fram drög að stefnu í skýrslu sem gefin var út 2020 (Stjórnarráð Íslands, 2020). Þar eru settar fram tillögur í sjö liðum sem byggja á greiningu á stöðu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku menntakerfi. Í fyrstu aðgerðaáætlun af þremur, vegna innleiðingar menntastefnu til 2030, er í aðgerð þrjú um markvissan stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn byggt á hluta þessara tillagna (Stjórnarráð Íslands, 2021).

Í rannsóknum á skólaþjónustu á Íslandi hefur verið bent á þær áskoranir sem blasa við í tengslum við fjölmennningarlegt skólastarf og kennslu barna af erlendum uppruna. Höfundar telja brýnt að brugðist sé við með kennslufræðilegum stuðningi og markvissri skólaþjónustu sem byggja þurfi upp á landsvísi (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2022). Í rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur og félaga um viðbrögð sveitarfélaga á Íslandi við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna kemur meðal annars fram að menntastefnur sveitarfélaga séu ólíkar, dæmi séu um úrehtar og óuppfærðar móttökuáætlanir og stuðningur við kennara og þjálfun þeirra virðist ekki í skipulögðum farvegi. Skortur er á verkferlum og sjálfbærni í kerfinu innan sveitarfélaganna sem kemur í veg fyrir að drifkraftur einstakra kennara og stjórnenda festist í sessi (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2020). Þetta endurspeglast í niðurstöðum skýrslu þar sem fjallað var um fundaröð sem haldin var í öllum landshlutum til að fjalla um úthlutun og ráðstöfun fjármuna sem stuðla að menntun fyrir alla. Þar kemur fram í sjálfsmati 56 sveitarfélaga að ein stærsta áskorunin sem blasi við þeim sé menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2024).

Á vorþingi Grunns, félags stjórnenda á skólaskrifstofum, vorið 2023 hélt Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri, erindi um áskoranir og tækifæri þegar kemur að menntun fjöltyngdra barna á Íslandi. Hún hvatti stjórnvöld til að líta til þeirra sveitarfélaga sem hafa mótað stefnu og verkferla til að bregðast við og móta fjölmennningarlegt

skóla- og frístundastarf og byggja á því sem vel er gert með aukinni samhæfingu á landsvísu. Fulltrúar stjórnvalda voru á þinginu og strax var farið að huga að möguleikum á því að bregðast við þessu kalli.

Samkomulag um þróunarverkefnið MEMM – *menntun, móttaka, menning* var undirritað 15. maí 2024, en því er ætlað að mæta þeim áskorunum og tillögum um aðgerðir sem hafa verið ávarpaðar hér að framan. Nú þegar rúmlega eitt ár er liðið frá upphafi verkefnisins er þessi áfangaskýrsla lögð fram. Hún hefur það að markmiði að gera grein fyrir stöðu og framvindu þróunarverkefnisins, helstu markmiðum þess og áherslum frá upphafi auk þess sem stiklað verður á stóru um næstu skref.

1. MEMM VERKEFNIÐ – MENNTUN, MÓTTAKA, MENNING

MEMM er tveggja ára þróunarverkefni, fjármagnað og leitt af mennta- og barnamálaráðuneytinu í samvinnu við Reykjavíkurborg og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Samhæfingarstjóri var ráðinn til ráðuneytisins til tveggja ára, frá og með 1. apríl 2024. Verkefnið er tvíþætt og felst annars vegar í því að þróa stuðning, ráðgjöf, verkfæri og bjargir innan MMS til að koma betur til móts við sveitarfélög og skóla- og frístundastarf á landsvísu þegar kemur að menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum. Hinn meginilgangurinn er að greina hindranir og þróa lausnir þegar kemur að tengslum málaflöksins við málefnasvið MRN. Fjármagn í verkefnið, samkvæmt samkomulagi þar um er að mestu nýtt í ráðningar á sérfræðingum, námsefnisgerð og þróun verkfæra innan MMS, sjá viðauka 1. Verkefninu á að ljúka með gerð þingsályktunartillögu um framtíðarfyirirkomulag í málaflöknum í árslok 2026.

Framkvæmd þróunar á stuðningi og þjónustu er sameiginlegt verkefni ráðuneytisins, MMS og Miðju máls og læsis hjá Reykjavíkurborg (MML). Lögð er áhersla á að verkefnið tengist á sem bestan hátt inn í alla starfsemi MMS og samsetning verkefnastjórnar er liður í því að svo megi verða. Þetta fyrsta ár hefur verkefnastjórn að jafnaði fundað á hálfmánaðar fresti og þar eru teknar sameiginlegar ákvarðanir um skipulag og umgjörð verkefnisins innan MMS.

Þá hefur verið kallað eftir víðtæku samstarfi við önnur sveitarfélög og stofnanir sem koma að málaflöknum. Samhæfingarteymi MEMM var sett á laggirnar í ágúst 2024 en með starfsemi þess er leitað leiða til að

afla upplýsinga um áskoranir og hindranir frá vettvangi og miðla upplýsingum um þróun MEMM verkefnisins inn á þann vettvang.

MEMM stendur fyrir hugtökin *menntun, móttaka og menning* og vísar til þess að standa þurfi betur að móttöku barna sem hefja skólagöngu í íslenskum skólum og móta verklag sem taki mið af ólíkum þörfum barnanna og íslenskum veruleika. Skapa þarf raunveruleg tækifæri til menntunar og gera betur þegar kemur að kenngslu íslensku sem annars máls, en líka að huga að tækifærum barna til að ná árangri bæði námslega og félagslega. Hugtakið menning í þessu samhengi felur í sér mikilvægi þess að bregðast á menningarnæman hátt við þeim breytingum sem eru að verða í samfélaginu, líta á fjölbreytt tungumál og menningu sem auðlind og endurmeta eigin viðhorf og orðræðu í málaflokknum. Í samræmi við ráðleggingar OECD um stuðning við fjölbreytt börn er með MEMM verkefninu leitast við að mæta kalli um kerfislæga nálgun. MEMM hefur lagt áherslu á heildstæða nálgun, skýra verkaskiptingu, virkt samráð og samstarf við vettvang, sem og samþættingu þjónustu á öllum skólastigum og í frístundastarfi.

Upphaf MEMM, markmið og tilgangur

Inntak samkomulags um MEMM verkefnið var þróað á vormánuðum 2024, í samvinnu mennta- og barnamálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og MMS, og undirritað 15. maí 2024 af mennta- og barnamálaráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og forstjóra MMS. Helstu hagaðilum var boðið til undirritunarinnar sem var fagnað í húsakynnum MMS í Víkurhvarfi, samhliða formlegri opnun nýrrar stofnunar.



Mynd 2. Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri MMS, og gestir við undirritun samkomulags um MEMM

Með samkomulaginu samþykkir Reykjavíkurborg að sérfræðingar Miðju máls og læsis (MML) gangi til liðs við MMS þau tvö ár sem verkefnið stendur yfir. Starfsfólk MML hefur á liðnum árum byggt upp markvissa þjónustu, ráðgjöf og bjargir vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í borginni, en sú reynsla hefur verið nýtt til að þróa stuðning og þjónustu innan MMS. Sú vinna tengist náið þeim áherslum og verkefnum sem sérfræðingur í málaflokknum hjá MMS hefur unnið að á liðnum árum.

Markmið MEMM er að stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku samfélagi, koma á samræmdu verklagi um móttöku og menntun á landsvísi í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og frístundastarfi ásamt því að þróa og tryggja menntasamfélaginu öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri. Verkefnið er heildrænt en með því er sjónum beint að þeim áherslum sem mikilvægast er að bregðast við:

- Íslenska sem annað tungumál
- Inngilding og fjölmennningarleg / fjöltyngismenntun
- Læsisráðgjöf og stöðumat
- Foreldrasamstarf
- Menntun og starfsþróun kennara og starfsfólks
- Þróun og dreifing námsgagna og verkfæra

Við mótun og uppbyggingu verkefnisins hefur verið lögð rík áhersla á að hlusta á raddir af vettvangi, til viðbótar við að taka mið af ábendingum, rannsóknum og könnunum. Hluti af þessum ábendingum hefur komið frá fulltrúum samhæfingarteymis. Þessar áherslur hafa lagt grunn að verkefnaáætlun, forgangsöröðun og helstu verkefnum. Meðal þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram eru:

- Mikil þörf er á að stórefla starfsþróun kennara í fjölmennningarlegum kennsluháttum og ráðast í stórátak í námsgagnagerð.
- Ríki og sveitarfélög þurfa að leggja sérstaka áherslu á þennan málaflokk, með virkum stuðningi skólajónustu og menntamálayfirvalda.
- Háskólar þurfa að taka virkan þátt og vera í nánnum tengslum við vettvang og skólastarf.

- Nauðsynlegt er að efla samstarfsnet og þekkingarmiðlun milli skóla og sveitarfélaga um land allt.
- Eldhugar og reynslumiklir kennarar í málefnum barna af erlendum uppruna þurfa að nýtast betur víðar.
- Forðast ber að kennsla þessara nemenda sé einungis í höndum sérkennara eða kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál. Um er að ræða sameiginlega ábyrgð alls skólafólks.
- Þekking og lausnir frá öðrum löndum ættu að nýtast í íslensku samhengi.
- Brýnt er að innleiða stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna á öllum skólastigum.
- Þörf er á markvissari móttökuáætlunum og stuðningi við fjölskyldur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Þörf er á mati og verkfærum til að styðja við inngildingu, íslensku sem annað mál og fjöltyngi.
- Tryggja þarf að nemendur fái nægilega markvissa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og þarf þar að hafa í huga tímamagn, þekkingu kennara, námsefni, skipulag og umgjörð.
- Þróa þarf fjölbreyttari leiðir á framhaldsskólastigi fyrir fjöltyngda nemendur, bæði þá sem eru nýkomnir og þá sem þurfa stuðning við nám á framhaldsskólastigi.
- Hindranir fyrir raunverulegum breytingum í átt að fjölmennningarlegum og fjöltyngdum starfsháttum felast ekki síst í viðhorfum og væntingum til nemenda sem þurfa stuðning í námi.

Bent hefur verið á að menntakerfið í heild sé ekki nægilega vel í stakk búið til að sinna þessum verkefnum og nauðsynlega þurfi að vinna saman að sameiginlegri sýn og aðgerðum. Hér er um langtímaviðfangsefni að ræða, en með sameiginlegu átaki er það von okkar að á þeim tveimur árum sem MEMM verkefnið stendur yfir náist að þróa stuðning og þjónustu innan MMS sem nýtist sveitarfélögum og skólum á landsvísu, ásamt því að greina helstu hindranir í málaflokknum og bregðast við þeim með viðeigandi lausnum.

2. FRAMKVÆMD VERKEFNISINS

Í heild felst framkvæmd verkefnisins í fjórum meginþáttum sem allir skiptast í smærri verkþætti samkvæmt tímalínu sem nær yfir þau tvö ár sem verkefnið stendur yfir. Í þessari áfangaskýrslu er fjallað um fyrstu tvo þættina en sjá má heildartímalínu í viðauka 2. Eins og áður var fjallað um skiptist verkefnið í tvennt, annars vegar þróun þekkingar, stuðnings, verkfæra og bjarga innan MMS og hins vegar greiningu á málaflokknum og tillögur að úrbótum í tengslum við málefnasvið ráðuneytisins. Haldnar hafa verið fjölmargar kynningar á MEMM verkefninu á margvíslegum vettvangi; Menntaþingi, fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ráðstefnum og málþingum innanlands sem utan. Sjá dæmi um kynningar sem hægt er að nálgast rafrænt:

- [Pistill í Vísi](#)
- [Hlaðvarp Menntavísindasviðs](#)
- [Fyrirlestur - Tökum samtalið](#)

Tímalína - Undirbúningur MEMM (apríl 2024 - júní 2024)

Ráðning samhæfingarstjóra

Skipuleggja og koma af stað verkefnastjórn og samhæfingarteymi

Kynningarfundir með samstarfsaðilum

Heimsóknir á vettvang hefjast – samtal við skólaskrifstofur

Undirbúa ráðningar á nýju starfsfólki fyrir MEMM

Greining á núverandi stöðu, þörfum, hindrunum og tækifærum hefst

Móta verkefnisáætlun og tímalínu

Tímalína - Þróun og framkvæmd MEMM (ágúst 2024 - júní 2025)

Teymi MML og MMS sameinuð

Gengið frá ráðningu á MEMM starfsfólki

Áframhaldandi greining á núverandi stöðu, þörfum, hindrunum og tækifærum

MEMM kynningar og samtöl við skólaskrifstofur og skóla- og frístundastarf

Þróun á samræmdu verklagi um móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Þróun og framkvæmd varðandi:

- ráðgjöf, námsefni og verkfæri
- stuðningskerfi fyrir skóla- og frístundastarf
- námskeið og vinnusmiðjur

Þróun MEMM í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Á fyrsta starfsári þróunarverkefnis MEMM hefur verið unnið markvisst að því að tengja verkefni MEMM inn í starfsemi Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og byggja á þeirri þekkingu sem skapast hefur í Miðju máls og læsis í því ferli. Sú staðreynd að samþykkt nýrra laga um skólaþjónustu hefur tafist hefur og mun hafa áhrif á það með hvaða hætti þjónusta vegna MEMM er þróuð, skipulögð og innleidd. Mikilvægt er að til framtíðar verði stuðningur, ráðgjöf og fræðsla vegna málefna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn samofin starfsemi MMS og sérfræðingar í málaflokknum fyrir öll skólastig og frístundastarf verði til staðar.

Eftirfarandi aðgerðir hafa verið lykilatriði í þróun verkefnisins innan MMS:

Í ágúst 2024 flutti MML starfsemi sína í MMS og teymisvinna hófst. Á þeim tíma var einn sérfræðingur í málaflokknum innan MMS (starfshlutfall greitt af Jöfnunarsjóði) og var hann strax tengdur við teymið. Samhæfingarstjóri og starfsmaður ráðuneytisins hafa starfað ákveðna daga í hverri viku í MMS og komið að þróun starfsins þar.

Kynningarmál – ákveðið var í samvinnu við samskipta- og þjónustusvið MMS að hönnuð yrði ákveðin ásýnd fyrir MEMM verkefnið, sem byggði á stöðlum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu en gagnaðist til að vekja sérstaka athygli á þessu verkefni. Logo MEMM og glærugrunnur er nýttur í öllum kynningum á verkefninu, sjá viðauka 3.

Stuðningur við sveitarfélög og skóla. Auglýst var eftir nýju starfsfólki MEMM í júní 2024 og ráðningum lauk í september. Eftirtaldir sérfræðingar voru ráðnir og hófu störf á tímabilinu nóvember 2024 til febrúar 2025:

- Fjórir brúarsmiðir; pólsku-, spænsku-, arabísku- og úkraínskumælandi. Algengi tungumála í skólum réð vali á þeim. Hlutverk brúarsmiða er að byggja brýr á milli skóla og fjölskyldna og veita foreldrum ráðgjöf, stuðning og fræðslu um íslenskt skólakerfi og starfsfólki skóla- og frístundstarfs millimenningarfræðslu og stuðning við að brúa á milli menningarheima.
- Leikskólaráðgjafi með áherslu á fjölmenningu og mál og læsi leikskóla.

- Kennsluráðgjafi grunnskóla með áherslu á íslensku sem annað tungumál og fjölmenningslegt grunnskólastarf.
- **Framhaldsskólateymi MEMM** tók til starfa í ágúst 2024. Skólaþjónusta við framhaldsskóla hefur ekki verið til staðar innan MMS eða annars staðar og því þótti mikilvægt að byggja upp þekkingu með nánun samstarfi við framhaldsskólana sjálfa. Ráðuneytið hafði um sama leyti tekið ákvörðun um að setja af stað þrjár nýjar íslenskubrautir í þremur framhaldsskólum (Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, Menntaskólanum á Ísafirði og Kvennaskólanum í Reykjavík) og fékk framhaldsskólateymi MEMM meðal annars það hlutverk að styðja við þróun þeirra. Verkefni framhaldsskólateymisins á tímabilinu var því að greina stöðuna með heimsóknum og samtali við kennara og stjórnendur, bjóða upp á opna fræðslufundi á neti og þátttöku í lærdómssamfélagi og hefja þróun sameiginlegrar móttökuáætlunar og stuðningsefnis fyrir framhaldsskólastigið. Teymið var þannig samsett að þrír starfandi framhaldsskólakennarar störfuðu við það í 20% stöðugildi hver, faglegur leiðtogi teymisins var prófessor frá HA og starfsmaður þess innritunarfulltrúi framhaldsskóla hjá MMS. Vetrinum lauk með fjölsóttu málþingi framhaldsskóla sem haldið var í Menntaskólanum á Ísafirði í byrjun júní 2025, en mikill áhugi er á því að vinna betur að þessum málaflokki á framhaldsskólastiginu. Þátttakendur sendu frá sér ályktun sem sjá má í viðauka 4. Sérfræðingur fyrir framhaldsskólann var ráðinn til MMS í maí 2025 og mun verða starfsmaður framhaldsskólateymisins næsta skólaár.

Þróun á samræmdu verklagi innan MMS. Strax í ágúst 2024 voru ákveðin verkefni sett í forgang og hafist handa við að tengja þau inn í starfsemi MMS.

- **Frigg** – nemendagrunnur, m.a. samstarf um skilgreiningar á upplýsingum vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- **Heillaspor** – samhæfingarstjóri MEMM tók þátt í þýðingum og stöðlun á áherslum verkefnisins og leikskólaráðgjafi MEMM er hluti af teyminu. Heillaspor er bæði inngildandi og áfallamiðuð aðferð í skóla- og frístundastarfi sem tengist vel áherslum MEMM.
- **Matsferill** – samtal er hafið um að mat á stöðu og framförum í íslensku sem öðru tungumáli og námi fjöltyngdra barna verði hluti af matsferli.

- **Stikum af stað** – stöðumat fyrir nýkomna nemendur hefur verið fullunnið á árinu og fræðsla til skólafólks um notkun þess hefur farið af stað.
- **Föruneyti barna** - samtal um menningarnæmi og með hvaða hætti verkefnið geti náð til fjölbreyttra foreldrahópa.

Aukið námsefni í íslensku sem öðru tungumáli. Hafist hefur verið handa við að þróa fjölbreyttara námsefni í íslensku sem öðru máli en í því ferli var byggt á vinnu sem þegar var hafin hjá MMS. Byrjað var á því að kortleggja og greina það námsefni sem þegar er til og hvar skortir á, en sú greining verður hluti af útgáfuáætlun miðlunarsviðs. Þá hefur farið af stað vinna við að þróa gervigreind MMS *Björgin*, sem meðal annars hefur það hlutverk að auðvelda kennurum að laga námsefni og kennsluáætlanir að fjöltyngdum nemendum.

Vefsíða MEMM hefur verið í þróun frá vormánuðum 2025 en starfsfólk MMS heldur utan um uppbyggingu vefsins og ritstjórn, efnisgerð og uppsetningu í samvinnu við starfsfólk MML og MEMM. Vefurinn var opnaður sem vefur í vinnslu í september 2025, en þar er lögð áhersla á að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi á landinu hafi greiðan aðgang að hagnýtum og leiðbeinandi verkfærum til menntunar og móttöku fjöltyngdra barna og ábendingum um það hvernig vinna má með fjölbreytta menningu og tungumál, viðhorf og fordóma. Slóðin á vefinn er <https://memm.mms.is>

Íslenska sem annað tungumál í grunnskólum (ÍSAT). Eitt af forgangsverkefnunum var að vinna kortlagningu og verkefnisáætlun vegna íslensku sem annars máls í grunnskólum, með það að markmiði að geta boðið upp á markvissa fræðslu til kennara, ráðgjöf og stuðning. Vinna við handbók er farin af stað og þeirri vinnu er einnig ætlað að nýtast við þróun námsmats í ÍSAT. MEMM teymið fékk íslenskan sérfræðing frá Luxemburg til liðs við sig sem hefur unnið að því á síðustu 15 árum að þróa umgjörð og inntak annarsmálskennslu í skólum þar. Áherslurnar samræmast mjög þeim áherslum sem lagðar eru í aðalnámskrá grunnskóla með mikilvægum breytingum frá 2021 og byggja á evrópska tungumálarammanum. Þá eru sérfræðingar og kennsluráðgjafar MEMM í grunnskóla í norrænu samstarfi sem skilar sér einnig í þróun málaflokksins. Búið er að leggja drög að heilsdagsnámskeiði fyrir nýliða í ÍSAT sem boðið verður upp á í fyrsta sinn í ágúst 2025.

Börn með rofna skólagöngu er verkefni sem unnið var í samstarfi Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar fyrir styrk frá mennta- og barnamálaráðuneyti. Þróuð var vefsíða til stuðnings kennurum og starfsfólki sem vinna með börnum með rofna

skólagöngu. Vefsíðan og upplýsingar á henni verða hluti af vefsíðu MEMM verkefnisins.

Þróunarverkefnið Íslenskubré í Breiðholti hlaut þróunar- og nýsköpunarstyrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, en því lauk vorið 2025. Afurðir verkefnisins eru góð viðbót við þau verkfæri sem verið er að byggja upp vegna ÍSAT kennslu í grunnskólum og verður hægt að nálgast þær á MEMM vefnum. Verkefnisstjórar kynntu verkefnið fyrir fulltrúum ráðuneytisins og skiluðu tillögum og ábendingum sem nýtast munu vel inn í gerð þingsályktunartillögu, sjá viðauka 5.

Stjörnumerktar einkunnir. Unnar voru leiðbeiningar um ÍSAT einkunnir í lok grunnskóla og tengingu þeirra við framhaldsskólastigið. Markmiðið er að fyrir vorið 2026 verði búið að skilgreina betur með hvaða hætti sé hægt að skila námsmati fyrir fjöltyngda nemendur á milli skólastiga. Í dag fellur þetta undir svokallaðar *stjörnumerktar einkunnir* sem hafa hlotið gagnrýni fyrir að vera ekki nægilega lýsandi fyrir stöðu nemenda í íslensku sem öðru máli eða öðrum námsgreinum, sem nauðsynlegt er til að skipuleggja nám við hæfi á næsta skólastigi.

Mál og læsi í leikskólum. Sett var í forgang að skoða með hvaða hætti væri hægt að styðja leikskóla við að efla mál og læsi fjöltyngdra leikskólabarna:

- Verið er að innleiða verkefnið ***Snemmtæk íhlutun*** í MMS, en það felur í sér stuðning og uppbyggingu þekkingar á máli og læsi leikskólabarna. Ekki er sérstök áhersla á fjöltyngd börn en í gegnum MEMM hefur verið komið af stað vinnu við að styrkja þann þátt.
- **Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd leikskólabörn** komu út árið 2021 í tengslum við aðalnámskrá leikskóla en hafa til þessa ekki verið innleiddir. Meðal þess sem kom fram við greiningu á stöðunni var að skráningarform til stuðnings hæfnirömmunum höfðu ekki verið þróuð samhliða, sem hefur falið í sér aukavinnu fyrir leikskóla sem margir hafa farið af stað og þróað sín eigin skráningarblöð. Leikskólaráðgjafi MEMM leiddi vinnu við að greina þessi skráningarblöð og þróa samræmda skráningu sem síðan var prufukeyrð með nokkrum leikskólum. Ný útgáfa af skráningarblöðum verður aðgengileg á MEMM vefnum og geta sveitarfélög og leikskólar fengið stuðning við innleiðingu hæfnirammanna.

Leiðbeinandi móttökuáætlanir hafa verið þróaðar í samvinnu teymisins fyrir leikskóla- og grunnskólastig. Móttökuáætlun fyrir

framhaldsskóla er í vinnslu og mun verða tilbúin haustið 2025. Leitað var til fulltrúa frístundastarfs hjá ráðuneytinu um að halda utan um þróun móttökuáætlunar í frístundastarfi í samvinnu við vettvang. Allar móttökuáætlanir verða gerðar aðgengilegar á <https://memm.mms.is>

Þróun á stuðningi, ráðgjöf og þjónustu. Frá því að verkefnið hófst hefur farið fram samtal um með hvaða hætti skólaþjónusta verði veitt frá MMS og MEMM verkefnið er hluti af því ferli. Fram að því að ný lög um skólaþjónustu taka gildi verður byggt á lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og áherslum MEMM verkefnisins og leitast við að bregðast við beiðnum sem koma. Lögð er áhersla á heildstæða þjónustu til sveitarfélaga þannig að þau geti kallað eftir stuðningi við skóla. Í þeim tilfellum sem um einstaklingsmál er að ræða fara mál í gegnum Landsteymi, sem getur leitað liðsinnis brúarsmiða eða annarra þeirra sem hafa sérhæfingu á sviði menntunar fjöltyngdra barna. Landsteymi er stuðnings- og ráðgjafarteymi hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem hefur það hlutverk að styðja við börn, foreldra og starfsfólk á öllum skólastigum sem hafa þörf fyrir aukinn stuðning í skólaumhverfinu. Börn, foreldrar og starfsfólk sem starfar að farsæld barna geta þannig á einum stað fengið stuðning og ráðgjöf um úrræði, leiðir og lausnir þvert á kerfi.

Frístundalæsi. Gerður var samningur við Reykjavíkurborg um að nýta þá sérþekkingu sem hefur byggst upp í gegnum verkefnið Frístundalæsi, en það miðar að því að efla þekkingu starfsfólks í frístundastarfi á læsi í víðu samhengi. Sett hefur verið á laggirnar lærdómssamfélag á netinu sem hittist reglulega yfir skólaárið, og voru þátttakendur í því frá 14 sveitarfélögum. Þá komu verkefnastýrir Frístundalæsis að þróun móttökuáætlunar og efnis fyrir MEMM vefsíðuna.

Fjölmenning og fjöltyngi. Gerður var samningur til tveggja ára við verkefnið Menningarmót, sem felur í sér að boðið verður upp á stað- og fjarnámskeið fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þar sem áherslan er á inngildandi starfshætti varðandi fjölbreytta menningu og tungumál. Samhliða var unnið námsefni sem birtast mun á vefsíðu MEMM og þau tungumál sem töluð eru í íslenskum skólum kortlögð á alþjóðlegum degi móðurmálsins 21. febrúar 2025, en þau voru alls 110. Sjá nánar á [Töfrakistu tungumálanna](#).

Unnin hefur verið áætlun um fræðslu og kynningar haustið 2025.

Markmiðið er að dreifa þekkingu, styðja við kennara og starfsfólk skóla- og frístundastarfs og auka meðvitund um MEMM áherslur á landsvísu, sjá viðauka 6.

MEMM og tengsl við málefnasvið mennta- og barnamálaráðuneytis

Í samkomulagi um MEMM verkefnið segir: *Að verkefninu loknu er stefnt að því að mennta- og barnamálaráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar sem fjalli um verklag, stefnu og aðgerðaáætlun um samræmda móttöku og menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og hvernig standa skuli að þjónustu til framtíðar byggt á reynslu af verkefninu.* Til að skapa dýpri sýn á málaflokkinn, efla skilning á samþættingu við önnur málefnasvið ráðuneytisins og tengja við þróun og þarfir á landsvísu hefur verið leitast við að skoða eftirfarandi þætti með það að markmiði að undirbúa fyrirhugaða þingsályktunartillögu:

Greining á aðgerðum í lykilskjöllum. Hér hefur sérstaklega verið skoðað hvaða áherslur eru lagðar í Menntastefnu 2030, Drögum að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, aðgerðaáætlunum og stefnumótun henni tengdri, ásamt aðalnámskrám allra skólastiga.

Lærdómssamtöl við sveitarfélög. Samhæfingarstjóri og starfsmaður MEMM hafa saman heimsótt 13 sveitarfélög þar sem fræðslufirvöld á viðkomandi stað ásamt fulltrúum velferðar, og í mörgum tilfellum stjórnendum skóla, hafa tekið þátt í samtali. Markmið fundanna hefur verið að kynna MEMM verkefnið og skapa samtal um málaflokkinn í sveitarfélaginu, hverjar séu helstu áskoranir og hvaða lærdóm megi draga af þeim aðgerðum sem innleiddar hafa verið í viðkomandi sveitarfélagi.

Samstarf við Grunn, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum og Samband íslenskra sveitarfélaga. Leitað hefur verið eftir samstarfi við Grunn og Sambandið með kynningum á MEMM verkefninu og samtali um áskoranir og tækifæri í málaflokknum.

Jöfnunarsjóður. Fundað hefur verið með fulltrúum Sambandsins og Jöfnunarsjóðs, að frumkvæði þeirra, um endurnýjun á samningi við MMS vegna stuðnings og ráðgjafar til sveitarfélaga. Ákveðið hefur verið að tengja samninginn við MEMM verkefnið og verður gildistími hans út árið 2026.

Framhaldsskólinn. Unnið hefur verið að því að tengja áherslur MEMM inn í framhaldsskólann, bæði í gegnum framhaldsskólateymi MEMM með beinum stuðningi við íslenskubrautir framhaldsskóla en einnig með því að undirbúa lotunám sem sérstaklega er ætlað nýkomnum nemendum á framhaldsskólaaldri. Fjölbrautaskólinn í Ármúla hefur

tekið vel í að koma af stað slíku námstilboði frá og með hausti 2025. Fulltrúi MEMM situr í framhaldsskólateymi ráðuneytisins og samhæfingarstjóri MEMM kom að mótun viðmiða fyrir innra og ytra mat framhaldsskóla.

Tengsl MEMM við aðra málaflokka. Haldnir hafa verið fundir með fulltrúum ýmissa verkefna og stofnana þar sem samstarf, samráð og samþætting verkefna á landsvísu hafa verið skoðuð. Liður í því er enn fremur að efla umræðu um málefni barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og hafa þannig áhrif á viðhorf og orðræðu í samfélaginu. Meðal þeirra sem hefur verið fundað með á árinu eru:

- **Íslenskukennsla fullorðinna og framhaldsfræðsla.** Sú breyting varð á í byrjun mars 2025 að málaflokkur fullorðinsfræðslu fluttist til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Sérfræðingar MEMM hjá ráðuneytinu hafa frá upphafi verið í þéttnu samtali við sérfræðing málaflokksins og komu að þróun á áherslum vegna styrkveitinga um samstarf og nýsköpun í íslenskukennslu. Þar var sérstaklega lögð áhersla á að styrkirnir næðu til ungmenna að 16 ára aldri, foreldra leik- og grunnskólabarna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Þá hafa sérfræðingar MEMM komið að samtali um þróun stöðuprófa í íslensku fyrir fullorðna sem unnið er að á grundvelli samnings við Hugvísindasvið HÍ.
- **Málefni barna á flóttu.** Rýnt hefur verið sérstaklega í málefni barna á flóttu. Eins og staðan er í dag eru umsækjendur um alþjóðlega vernd þjónustaðir á vegum Vinnumálastofnunar og stór hluti þeirra býr í búsetuúrræðum á hennar vegum. Teymi á vegum Vinnumálastofnunar hefur milligöngu um að börn á skólaskyldualdri fái skólavist í því sveitarfélagi þar sem búsetuúrræði er staðsett. Vinnumálastofnun greiðir sveitarfélaginu fyrir þá þjónustu. Börn sem eru komin með alþjóðlega vernd njóta sömu réttinda og önnur börn búsett á Íslandi. Auk þess hefur félags- og húsnæðismálaráðuneyti gert samning við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks. Sá samningur nær eingöngu til fjárhagsstuðning vegna umframþjónustu innan félagslega kerfisins. Samningurinn nær því ekki til

- skóla- og frístundastarfs eða stuðnings við starf þeirra og hafa sveitarfélög kallað eftir breytingu þar á.
- **Barna- og fjölskyldustofa (BOFS).** BOFS veitir sveitarfélögum stuðning og ráðgjöf vegna barna á flóttan en samræmd móttaka flóttafólks er á ábyrgð sveitarfélaga á grundvelli samnings við félags- og húsnæðismálaráðuneytið eins og áður var nefnt. Gerðar hafa verið athugasemdir við að sveitarfélög skorti betri stuðning frá ríkinu vegna málefna skóla- og frístundastarfs barna á flóttan. Skoða þarf með hvaða hætti er hægt að veita betri þjónustu við skólastarf þegar kemur að menntun barna með flóttabakgrunn og hafa fulltrúar ráðuneytisins og BOFS fundað reglulega með það að markmiði að skerpa á hlutverkum BOFS og MMS/MEMM þegar kemur að stuðningi og þjónustu við sveitarfélög vegna barna flóttafólks.
 - **Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (RGR).** Fulltrúar MEMM tóku þátt í að undirbúa vorráðstefnu RGR sem haldin var í maí 2025. Þar var boðið upp á erindi um MEMM, auk þess sem brúarsmiðir og sérfræðingar frá MMS fluttu erindi. Innan RGR hefur verið unnin greining á bakgrunnsupplýsingum um börn sem vísað er til stöðvarinnar og er ljóst að um helmingur allra tilvísana er vegna barna af erlendum uppruna. Einn stærsti einstaki hópur barna sem vísað er til RGR eru börn annarrar kynslóðar innflytjenda á leikskólaaldri sem í flestum tilfellum eru fædd hér á landi. Kallað hefur verið eftir samstarfi við RGR um þróun leiðbeininga til vettvangs um snemmtæka íhlutun þegar kemur að þroska, máli og læsi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
 - **Farsældarráð.** Leitað hefur verið eftir samtali um það með hvaða hætti sé hægt að tengja áherslur og stuðning við menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn betur við innleiðingu farsældarlaga. Stefnt er að kynningarfundum um MEMM og samtali við farsældarráð á haustönn 2025.
 - **Svæðisstöðvar íþróttahéraða.** Fundað hefur verið með fulltrúum og verkefnisstjóra verkefnisins, en eitt af þremur meginmarkmiðum þess er að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og

tómstundastarfi. Kallað verður eftir upplýsingum um þátttöku þeirra barna og skoðað hvernig hægt sé að styðja við þetta markmið.

- **Landssamtökin Þroskahjálp.** Leitað hefur verið eftir samtali um það með hvaða hætti sé hægt að styðja betur við fötluð börn og fjölskyldur þeirra af erlendum uppruna í tengslum við MEMM verkefnið. Fundað var með fulltrúum Þroskahjálpar, en á vorráðstefnu RGR var sjónum sérstaklega beint að þessum hópi með aðkomu MEMM eins og áður var nefnt.
- **Heimili og skóli.** Mennta- og barnamálaráðuneytið undirritaði nýjan samning við Heimili og skóla í júlí 2025, þar sem sérstök áhersla er lögð á stuðning við foreldra af erlendum uppruna og eru samtökin Móðurmál lykilaðili í þeirri vegferð. Sérfræðingar MEMM hafa komið að þessari vinnu og munu fylgja þeim áherslum eftir.
- **Barnaþing og umboðsmaður barna.** Fundað hefur verið með umboðsmanni barna og komið á framfæri mikilvægi þess að fjölga börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem eru þátttakendur á barnaþingi sem fer fram haustið 2025. Þá hefur verið lagt til að spurningar á þinginu tengist því hvernig hægt sé að stuðla að inngildandi skóla- og frístundastarfi.

3. MÆLIKVARÐAR OG MAT Á VERKEFNINU

Þróun og innleiðing MEMM verkefnisins felur í sér fjölbreyttar leiðir sem mikilvægt er að fylgjast með og meta eftir því sem verkefninu vindur fram. Þá verður að hafa í huga að um einstakt verkefni að ræða, þar sem heil starfseining á vettvangi sveitarfélags (Miðja máls og læsis frá Reykjavíkurborg) gengur til liðs við ríkisstofnun sem sinnir þjónustu á landsvísu (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu); stofnun sem er líka ný og í mótun, en það krefst mikils af öllu starfsfólki og mikilvægt að hluti af því að meta MEMM felist í að skoða áhrifin af því samstarfi. Það var gert með tveimur endurmatsfundum sem sagt verður stuttlega frá hér að neðan.

Í samkomulagi um verkefnið kemur fram að mat á verkefninu felist meðal annars í því að:

- Fjöldi þeirra skóla sem hafi tekið þjónustu í notkun hafi aukist verulega.
- Þróun á stuðningi við framhaldsskólastigið verði vel á veg komin.
- Stuðningsúrræði á landsvísu vegna barna í viðkvæmustu stöðunni (s.s. barna með flóttabakgrunn) mæti þörfum þeirra.
- Framboð á námsefni og verkfærum vegna íslensku sem annars máls og inngildingar hafi aukist og sé aðgengilegt og að útgáfuáætlun liggi fyrir.
- Stutt hafi verið við þróun og framboð á efni og námskeiðum til starfsþróunar kennara.

Þá er lagt upp með að við lok verkefnisins verði búið að kortleggja hvaða gögn sé hægt að nýta til að fylgjast með námsárangri og félagslegri virkni hópsins, og þróa ferla til þess að það sé gert. Unnið hefur verið að mælikvörðum sem horfa til þessara þátta, í samráði við fulltrúa skrifstofu greininga og fjármála í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Liður í að meta stöðuna hefur falist í heimsóknum í sveitarfélög víðsvegar á landinu en helstu niðurstöður þeirra heimsókna verða dregnar saman hér á eftir, ásamt mati á því hvernig íslenskubrautir framhaldsskóla hafa þróast fyrsta árið.

Mælikvarðar MEMM. Til þess að mæta þeim áherslum sem lagðar eru í verkefninu og samkomulagi þar um voru þróaðar tvær tegundir mælikvarða, annars vegar árangursmælikvarðar og hins vegar ferlismælikvarðar. Ferlismælikvarðar fela í sér mælingu á því hvort tekist hafi að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með um að þróa ráðgjöf, stuðning og verkfæri á þeim tveimur árum sem verkefnið stendur yfir. Árangur af verkefninu verður metinn út frá þáttum sem veita upplýsingar um virkni og árangur barna, s.s. í gegnum Íslenskar æskulýðsrannsóknir, mælaborð farsældar og fleira. Þeir áfangar sem farið er yfir í þessari skýrslu mæta þeim markmiðum sem tengjast ferlismælikvörðum. Árangursmælikvarðar verða teknir út að verkefninu loknu.

Endurmat á samstarfi MML og MMS og þróun MEMM í Víkurhvarfi.

Haldinn var endurmatsfundur með starfsfólki MML, nýju starfsfólki MEMM og því starfsfólki MEMM sem hefur haft beina aðkomu að þróun verkefnisins í Víkurhvarfi. Starfsfólk var sammála um að það sem hefði gengið vel væri þróun námsefnis, verkfæra og bjarga og uppbygging fræðslu fyrir foreldra, kennara og nemendur. Mikill vilji er til samstarfs, sem hefur borið árangur í mörgum verkefnum. Það er hins vegar mat starfsfólks að oft sé átak að halda mörgum boltum á lofti, auk þess sem hlutverk starfsfólks MML og MMS séu ólík og ábyrgðarsviðið líka, þar sem

annars vegar er sveitarfélag og hins vegar stofnun á landsvísu. Einnig ber starfsfólk MML ábyrgð á því að þjónusta við skóla- og frístundastarf í Reykjavíkurborg haldist órofin og það getur oft valdið togstreitu. Bent var á ákveðnar brotalamir í skipulagi samstarfsins, sem nýttar verða til að þróa betri verkferla og skýrari verkaskiptingu, skipulag funda og annað slíkt. Starfsfólk hefur áhyggjur af óljósri framtíð MEMM og hlutverki MML í þeirri samvinnu. Þetta hefur áhrif á samstarfið og bent var á nauðsyn þess að hafa forgangsöröðun, tímalínu og verkaskiptingu skýra. Sú staðreynd að MMS er ný stofnun í mótn þar sem unnið er að innri uppbyggingu, verkferlum og skipuriti hefur líka haft áhrif á það hvernig MEMM verkefnið hefur þróast. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að þekking á menntun og móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn yrði samofin öllum verkefnum MMS. Niðurstaðan er sú að MEMM hafi burði til að verða lykilverkfæri í samþættri þjónustu við fjölbreyttan hóp barna og fjölskyldna. Til þess að svo megi verða þarf þó að formgera betur samstarf og hlutverk, bæði innanhúss og í samvinnu við sveitarfélög og aðra aðila, en ný lög um skólaþjónustu munu hafa áhrif á þá hlutverkaskiptingu og ábyrgðarsvið.

Endurmat verkefnastjórnar MEMM. Verkefnastjórnin er sammála um að innkoma MML og ráðning starfsfólks MEMM hafi verið mjög mikilvæg í þróun starfsemi MMS. Þessar áherslur gera stofnunina nútímalegri og hæfari til að bregðast við samfélagslegum áskorunum. Þá hefur starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn haft jákvæð og eflandi áhrif á samskiptin innan stofnunarinnar. Samstarfið er almennt mjög gott en oft krefjandi og tímafrekt og það bætist ofan á önnur störf og verkefni sem hefur valdið álagi. Það hefur verið mjög gagnlegt að fá sérfræðiþekkingu MML inn í verkefni MMS en það hefur breytt forgangsöröðun og áherslum verkefna sem fram að þessu hafa ekki tekið sérstaklega mið af börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Sú áhersla þarf hins vegar að yfirfærast í enn fleiri verkefni MMS en þegar er orðið. Almennt er MEMM verkefnið mikil innspýting fyrir málaflokkinn í heild og þjónusta, verkfæri og áherslur í móttöku hafa komist á annan stað en áður. Ákveðnar væntingar eru um að það verði framhald á samstarfinu og hætta er á rofi ef MML verður aftur tekið út úr starfsemi MMS, þar sem þetta fyrsta ár er bara byrjunin á því að tengja saman þessa starfsemi. Mikilvæg verkefni eru fram undan, eins og þróun stöðu- og framvinduprófa fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál og þróun skólaþjónustu við sveitarfélög, þar sem gæti skipt höfuðmáli að hafa MML sem hluta af starfseminni. Miklar væntingar hafa byggst upp á vettvangi um starfsemi MEMM innan MMS og er mikilvægt að bregðast þeim ekki.

Mat á þróun Íslenskubrauta. Send var spurningakönnun til þeirra þriggja framhaldsskóla sem hófu að þróa Íslenskubrautir með sérstöku fjármagni frá MRN haustið 2024. Helstu niðurstöður sýna að:

- Þróun Íslenskubrauta hefur skapað nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn raunveruleg tækifæri til að ná tökum á Íslensku og taka virkan þátt í skóla- og samfélagslífi.
- Nemendur hafa náð framförum í Íslensku sem öðru tungumáli, tekið virkari þátt í námi og félagslífi og nýtt tækifæri til náms á öðrum brautum. Kennarar hafa jafnframt eflt fagvitund sína og þróað fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir þennan hóp.
- Árangurinn hefur þó haldist í hendur við ákveðnar áskoranir sem nauðsynlegt er að bregðast við:
 - Skortur er á samræmdri námskrá og námsmati.
 - Skortur er á fjölbreyttu og viðeigandi námsefni fyrir þennan aldurshóp.
 - Það vantar sérhæfðari stuðning og fjölbreyttari námstækifæri.
 - Skortur er á fjármögnun.
- Niðurstöður vettvangsheimsóknna, lærdómssamfélaga og málþings sýna skýra þörf fyrir aukna samhæfingu milli skóla, bætta upplýsingagjöf um stöðu nemenda og markvissari stuðning til að mæta ólíkum þörfum þeirra.

Helstu niðurstöður úr lærdómssamtali við sveitarfélög. Sérfræðingar ráðuneytisins í MEMM heimsóttu 13 sveitarfélög skólaárið 2024-2025. Markmiðið var að kynna MEMM verkefnið, og skapa samtal um menntun og móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, samhliða því að greina áskoranir og tækifæri sveitarfélaga. Einnig var aflað upplýsinga um gagnleg verkfæri og leiðir sem stutt gætu við önnur sveitarfélög á landsvísi. Stærstu áskoranir sveitarfélaga birtast í því að skortur er á samræmdri stefnu og verkferlum. Mörg sveitarfélög skortir skýrar móttökuáætlanir, verklagslýsingar og stefnumótun og ósamræmi er í framkvæmd milli stofnana og skólastiga (t.d. milli leikskóla og grunnskóla). Þá er gagnasöfnun almennt ófullnægjandi, að undarskildum einstaka sveitarfélögum sem hafa komið upp miðlægu utanumhaldi um gögn og upplýsingar varðandi börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Víða skortir fjármagn í starfsemi leik- og grunnskóla til að byggja upp menntun og móttöku fjöltyngdra barna og mikilvægt er að endurskoða úthlutunarreglur, en almennt er ekki góð yfirsýn yfir það með hvaða hætti fjármagn er nýtt til stuðnings

við kennslu íslensku sem annars máls eða fjölmenningarlegt skólastarf. Víða vantar sérfræðinga í málaflokknum, börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn taka síður þátt í íþróttum og tómstundum og lítil sem engin markviss íslenskukennsla er fyrir starfsfólk skóla með innflytjendabakgrunn. Þá er víða takmarkað framboð á stuðningi sveitarfélags við menntun og móttöku fjöltyngdra barna í skóla- og frístundastarf og ákall eftir landsstuðningi frá MMS. Þrátt fyrir þetta eru víða styrkleikar í starfi sveitarfélaga, sem birtist meðal annars í góðri teymisvinnu og samstarfi innan skóla og milli sviða þar sem samþætting farsældar og þverfagleg samvinna hefur skilað árangri. Nokkur sveitarfélög skera sig úr með skýra verkferla, góð gögn og faglegt utenumhald, og má sem dæmi nefna að á Akureyri og í Reykjanesbæ hefur verið sett sérstakt fjármagn í að byggja upp verkefnastjórstöður á skólaskrifstofum og innan skóla til að tryggja að þekking og reynsla sé til staðar á báðum stöðum. Almennt er jákvætt viðhorf til málaflokksins og mikill vilji til að bæta stöðuna og taka ábyrgð og vinna ákveðna vinnu, en samhliða er skýrt ákall um að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sinni markvissum stuðningi og skólaþjónustu vegna móttöku og menntunar barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til framtíðar.

4. NÆSTU SKREF OG FRAMTÍÐARSÝN

MEMM verkefnið hefur á þessu fyrsta ári raungerst í skrefum sem fela í sér þróun og miðlun þekkingar, kerfislæga þróun, þróun teymisvinnu, nýjungar í þjónustu, markvissa kynningu og samhæfingu verkefna. Þrátt fyrir að vegferðin sé langtímaverkefni hefur verið afar ánægjulegt að finna viðbrögð vettvangs og þakklæti fyrir að verið sé að ná betur utan um og samhæfa vinnu vegna menntunar barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Með því að leggja verkefnið upp sem samstarfsverkefni þar sem við lærum saman og hvert af öðru, samhliða því að byggja upp þekkingu sem er gerð aðgengileg fyrir öll sveitarfélög og skóla, hefur verið lagður grunnur að dýrmætu lærdómssamfélagi um menntun fjöltyngdra barna.

Samkvæmt tímalínu verkefnisins lúta áherslur skólaársins 2025-2026 að því að halda áfram að þróa samræmt verklag um móttöku, menntun og inngildingu, ásamt því að þróa heildstæða skólaþjónustu við sveitarfélög líkt og kallað hefur verið eftir. MEMM er eitt af forgangsverkefnum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og tengist

mjög náð annarri aðgerðaáætlun um innleiðingu menntastefnu 2030. Þá er hafinn undirbúningur við aðgerðaáætlun vegna innleiðingar farsældarlaga og mikilvægt að hún taki líka mið af áherslum MEMM. Hér fyrir aftan eru talðar upp þær aðgerðir í annarri aðgerðaáætlun menntastefnu 2030 sem skarast við áherslur MEMM. Horft verður til þeirra og lærdómsins af þróunarverkefninu við undirbúning að gerð þingsályktunartillögu um framtíðarfyrirkomulag í málaflokknum.

Aðgerð 3.2. Menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í inngildandi skólastarfi

- Efla kennslu íslensku sem annars máls.
- Leggja sérstaka áherslu á markvissa móttöku barna af erlendum uppruna í skóla og nærumhverfi þeirra um allt land.
- Leggja áherslu á inngildandi menntun, fjölmenningu og fjöltyngi í leiðbeiningum til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
- Auka læsisráðgjöf við skóla og styrkja mat á framvindu í íslensku sem öðru máli.
- Styðja við starfsþróun kennara og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
- Efla stuðning og eftirfylgni við íslenskukennslu fyrir börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Aðgerð 4.1. Fjölgun kennara

Fjölga kennurum með sérhæfingu í að kenna íslensku sem annað tungumál og þekkingu og færni í inngildandi menntun og menningarnæmi.

Aðgerð 4.2. Öflugir kennarar í skólum landsins

Þróa og innleiða árangursríkar starfs- og kennsluaðferðir sem stuðla að inngildandi skólastarfi með virkri ráðgjöf og þjónustu á landsvísu.

Aðgerð 4.3. Íslenskufærni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun barna

- Móta viðmið út frá Evrópska tungumálarammanum um íslenskuhæfni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun sem ekki er með íslensku að móðurmáli né hefur leyfisbréf til kennslu. Auka framboð á almennum og fagtengdum námskeiðum í íslensku.
- Skapa aðstæður og auka tækifæri starfsfólks í skóla- og frístundastarfi með fjölbreyttan tungumála- og

menningarbakgrunn til að öðlast góða færni í íslensku samhliða starfi.

Aðgerð 5.4. Þróun námsframboðs framhaldsskóla og framhaldsfræðslu

- Efla og þróa námsframboð á framhaldsskólastigi sem mætir þörfum barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Móta heildstæðari umgjörð um íslenskukennslu fyrir innflytjendur með tilliti til gæða og skilvirkni, hvort sem hún fer fram í framhaldsskólum, hjá fræðsluaðilum eða í tengslum við starf.

Aðgerð 6.1. Inngildandi menntun og skólaþjónusta

- Frumvarp til laga um inngildandi menntun og skólaþjónustu þar sem áhersla er á skipulag þjónustu og jafnt aðgengi að þjónustu um land allt.

Aðgerð 6.2. Safn vandaðra skimunartækja til notkunar í skólum

- Þróa, þýða og staðfæra skimunartæki á þeim sviðum þar sem vönduð matstæki eru ekki tiltæk.

Aðgerð 6.3. Aukin áhersla á vellíðan í öllu skóla- og frístundastarfi

- Auka áherslu á geðrækt og félags-, tengsla- og tilfinningafærni í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi.
- Auka áherslu á geðrækt, félags- tengsla- og tilfinningafærni og áfallamiðaða nálgun í kennaranámi og starfsþróun kennara.

Aðgerð 7.1. Menntatölfræði

- Ljúka við þróun nemendagrunnsins Frigg og innleiða notkun á honum.
- Byggja stefnumótun í menntamálum á grundvelli gagna.

Aðgerð 7.2. Endurskoðað mat og eftirlit með skólastarfi

- Endurskoða gæðaviðmið innra og ytra mats fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Aðgerð 7.3. Bættur námsárangur og samræmdar mælingar

- Leikskólar vinni markvisst að auknum málþroska allra barna.

- Innleiða Matsferil sem samræmt námsmat, þ.á.m. valkvæð og skyldubundin stöðu- og framvindupróf á grunnskólastigi, ásamt öðrum skimunar- og matstækjum fyrir leik- og grunnskóla.
- Auka stuðning við kennara við að nota með markvissum hætti niðurstöður mats- og skimunartækja til þess breyta og bæta kennslu og mæta námsþörfum allra barna, hvort sem þau þurfa stuðning eða frekari áskoranir í námi.

Aðgerð 8. Tenging aðalnámskráa við aðgerðir menntastefnu

- Endurskoða sameiginlegan hluta aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla í samræmi við menntastefnu 2030 og breyttar áherslur samtímans, þar með talið inngildinguna, farsæld, sköpun og gagnrýna hugsun, líðan, fjölbreytileika, fjölmenningu og námsmat.
- Endurskoða aðalnámskrá framhaldsskóla með tilliti til samfélagslegra breytinga, hlutverks framhaldsskólans, undirbúnings undir frekara nám, samfellu við önnur skólastig og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Aðalnámskrá framhaldsskóla þarf að fjalla ítarlega um ólík námslok, hvort sem um er að ræða starfs-, raungreina- og tækninám, námsbrautir fyrir fatlaða, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eða nemendur sem ekki hafa notið samfellu í námi. Einnig að tryggja að nám í framhaldsskóla standist alþjóðlegan samanburð og undirbúi nemendur með sem bestum hætti fyrir líf, störf og áframhaldandi nám.

5. VIÐAUKAR

Viðauki 1 - Samkomulag um verkefnið

Mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969 (MRN), Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, kt. 660124-1280 (MMS) og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, gera með sér eftirfarandi samkomulag um þróunarverkefnið Menntun, móttaka, menning (MEMM) um þjónustu vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Gert er ráð fyrir aðkomu fleiri aðila að verkefninu.

1. gr.

Gildistími

Samkomulag þetta gerir ráð fyrir að verkefnið nái yfir skólaárin 2024-2025 og 2025-2026. Samkomulagið gildir frá undirritunardegi til 15. júní 2026.

2. gr.

Markmið

Markmið verkefnisins MEMM er að stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi með því að koma á samræmdu verklagi um móttöku og menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og frístundastarfi, þróa og tryggja öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri, sem og stuðning til lausnar flóknari aðstæðum.

3. gr.

Verkefnið

Komið verður á samræmdu verklagi um markvissa móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu í samræmi við aðferðafræði sem sýnt hefur góðan árangur hjá Reykjavík og fleiri sveitarfélögum. Stuðningur, ráðgjöf og efni tengt verkefninu verður gert aðgengilegt um allt land með áherslu á skólaskrifstofur sveitarfélaga, leik-, grunn- og framhaldsskóla, og frístundastarf þar sem börnin búa og stunda nám. Samkomulagsaðilar skipa verkefnisstjórn.

Áherslur verkefnisins eru að þróa stuðning og þjónustu varðandi:

- Íslensku sem annað mál
- Inngildingu og fjölmennningarlega menntun
- Læsisráðgjöf - stöðumat o.fl.
- Foreldrasamstarf
- Menntun og starfsþróun kennara og starfsfólks
- Þróun og dreifingu námsgagna og annarra verkfæra

4. gr.

Afurð

Að verkefninu loknu er stefnt að því að mennta- og barnamálaráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar sem fjalli um verklag, stefnu og aðgerðaráætlun um samræmda móttöku og menntun barna með fjölbreyttan menningar og tungumálalaggrunn og hvernig standa skuli að þjónustu til framtíðar byggt á reynslu af verkefninu.

Í lok verkefnisins er stefnt að því að MMS geti boðið stuðning og þjónustu um land allt. Mat á verkefninu felst meðal annars í að skoða hvort:

- Að fjöldi þeirra skóla sem hafi tekið þjónustu í notkun hafi aukist verulega
- Að þróun á stuðningi við framhaldsskólastigið verði vel á veg komið
- Að stuðningsúrræði á landsvísu vegna barna í viðkvæmustu stöðunni (s.s. barna með flóttabakgrunn) mæti þörfum þeirra
- Að framboð á námsefni og verkfærum vegna íslensku sem annars máls og inngildingar hafi aukist og sé aðgengilegt og að útgáfuáætlun liggi fyrir
- Að stutt hafi verið við þróun og framboð á efni og námsskeiðum til starfsþróunar kennara

Horft er til þess að raunhæft sé að við lok verkefnisins verði búið að kortleggja hvaða gögn er hægt sé nýta til að fylgjast með námsárangri og félagslegri virkni hópsins og þróa ferli til þess að það sé gert. Þá verði fylgst með fleiri breytum sem mæla virkni þróunarverkefnisins:

- Hlutfall barna sem leggur stund á frístundastarf
- Hlutfall barna sem tekur þátt í íþrótt- og tómstundastarfi
- Náms- og læsisárangur
- Brotfall úr framhaldsskóla

5. gr.

Framlag aðila samkomulagsins

Sérstakur samhæfingarstjóri verður ráðinn til mennta- og barnamálaráðuneytisins sem heldur utan um verkefnið í samvinnu við aðila samkomulagsins. Samhæfingarstjóri hefur faglega yfirsýn yfir verkefnið. Hann leiðir aðila samkomulagsins saman, og tengir saman starfsmenn sem vinna að verkefninu þótt þeir starfi hjá mismunandi vinnuveitendum. Samhæfingarstjóri nýtur stuðnings frá sérfræðingum ráðuneytisins og starfar náið með verkefnisstjórn sem skipuð er af aðilum samkomulagsins og samhæfingarteymi sem skipað er fulltrúum helstu samstarfsaðila.

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur eftirfarandi til verkefnisins:

- Ráðningu og aðstöðu fyrir samhæfingarstjóra
- Vinnuframlag sérfræðings sem vinnur náið með samhæfingarstjóra og heldur utan um um skráningu verklagsins, þróun þess og reynslu við framkvæmd verkefnisins
- Fjármagn samtals að upphæð 294,2 m.kr. á samningstímabilinu m.a. til ráðningar samhæfingarstjóra, ráðningar annarra starfsmanna, til námsefnisgerðar og annars kostnaðar sem fellur til.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur eftirfarandi til verkefnisins:

- Vinnuframlag starfsmanna þekkingateymisins Miðja máls og læsis (MML) sem miðla reynslu sinni, fagþekkingu og öllu efni sem hefur verið útbúið á vegum MML á liðnum árum inn í verkefnið.
- Umræddir starfsmenn fá aðstöðu hjá MMS en eru áfram starfsmenn Reykjavíkurborgar og lúta sem áður verkstjórn deildarstjóra MML en verða hluti af fagteymi MEMM ásamt þeim sérfræðingum MRN og MMS sem að verkefninu koma
- Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta við skóla og börn í Reykjavík verði ekki skert vegna þátttöku í tilraunverkefni þessu heldur eflist.

Miðstöð menntunar og skólapijónustu leggur eftirfarandi til verkefnisins:

- MMS útvegar húsnæði og starfsaðstöðu fyrir verkefnið og starfsfólk annarra aðila samkomulagsins sem lánað er til þróunarverkefnisins
- Vinnuframlag sérfræðinga MMS í fjölmenningu, læsi, námsgagnagerð o.fl. sem starfi náð með og taki þátt í þróunarverkefninu
- Ræður inn sérfræðinga með viðbótar fjárheimildum frá MRN sem koma inn í verkefnið til viðbótar við þá sem þegar starfa hjá stofnuninni.

Auk aðila samkomulags þessa er gert ráð fyrir mikilli samvinnu við önnur sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, háskóla, Kennarasamband Íslands, og eftir atvikum fleiri. Aðrir samstarfsaðilar leggi til sérfræðipækkingu og annað eftir atvikum. Komið verður á samhæfingarteymi með þátttöku þessara aðila.

6. gr.

Ábyrgð aðila samkomulagsins

Aðilar að samkomulagi þessu bera ábyrgð á að framkvæmd verkefnis þessa fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Gerð er krafa um að lögð séu fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað. Aðilum samkomulags þessa er óheimilt að afhenda réttindi sín og skyldur samkvæmt samkomulagi þessu í hendur þriðja aðila.

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samningsins annast skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar hjá MRN, skrifstofa forstjóra hjá MMS og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg.

Aðilar skulu tryggja að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við lög nr. 90/2018 um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

Vanefndir og meðferð ágreiningsmála

Aðilar samkomulagsins skulu tilkynna öðrum aðilum tafarlaust ef talinn er vafi á að takist að uppfylla skyldur samkvæmt samningi. Jafnframt skal greint frá úrræðum sem mögulega verið gripið til. Aðilum samkomulags þessa er heimilt að endurkrefja um greiðslur, ásamt tilheyrandi kostnaði, séu skyldur ekki uppfylltar samkvæmt samningi þessum. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Rísi ágreiningur út af samningi þessum, tilurð hans, efni eða öðrum atvikum því tengdu, skulu aðilar leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi í sameiningu. Takist aðilum ekki að leysa ágreining skal fara með málið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

8. gr.

Breytingar og uppsögn á samkomulagi

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingu frá Alþingi. Taki fjárheimildir málavíðs og málaflökks sem samkomulag þetta fellur undir breytingum í fjárlögum, sem hafi för með sér breytta fjárveitingu til verkefnisins munu samningsaðilar taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breytti fjárveitingu. Ef gerðar eru almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til tiltekins málaefnasviðs þá er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokkinn.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er samningurinn háður samþykki borgarráðs. Gerður er fyrirvari um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna áranna 2025 og 2026 en komið getur til breytingar verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samkomulags þessa eða samkomulagið í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samkomulaginu upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Viðauki 2 - Tímalína MEMM



Viðauki 3 - Kynningarefni MEMM



Viðauki 4 - Ályktun frá málþingi framhaldsskóla

Ályktun málþings um íslensku sem annað mál, inngildingu og framhaldsskólann
Menntaskólanum á Ísafirði 2.-3. júní 2025

Áherslur málþingsins voru eftirfarandi:

- Kennsla ÍSAN í framhaldsskólum
- Inngilding, félagsleg tengsl og samskipti
- Kennslufræði
- Námsefni

Markmið málþingsins var að kynna þá þekkingu og mismunandi reynslu sem orðið hefur til í framhaldsskólum á Íslandi um málefnið og skapa

vettvang til samtals. Málþingið sóttu 70 þátttakendur sem koma að þessum málaflökki úr ólíkum áttum, t.d. kennarar, stjórnendur, náms- og starfsráðgjafar, kennsluráðgjafar, starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélaga, rannsakendur, námsefnishöfundar, fulltrúar KÍ, fulltrúar mennta- og barnamálaráðuneytisins, starfsfólk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, o.fl.


Þessi málaflokkur - íslenska sem annað mál - hefur fram til þessa mætt afgangi ef ekki fálæti innan menntakerfisins. Kennarar sem kenna íslensku sem annað mál eru gjarnan einangraðir í sinni kennslu og lítill skilningur er oft á eðli náms og kennslu íslensku sem annars máls.

Jákvæðar breytingar hafa þó átt sér stað á allra síðustu árum en betur má ef duga skal, ekki síst í ljósi þess fjölda nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli en stunda nám í íslenskum skólum. Þróun og breytingar innan málaflokksins hafa verið bornar uppi af áhugasömum og drífandi kennurum og stjórnendum sem hafa teygst sig langt út fyrir sín formlegu hlutverk og vinnutíma með metnað, fagmennsku og mannúð að leiðarljósi. Nú er komið að því að kerfin taki við sér og axli ábyrgð á sínu hlutverki.

Þátttakendur á málþinginu leggja fram eftirfarandi kröfu um úrbætur:

- Stjórnvöld setji kennslu íslensku sem annars máls í forgang.
- Að íslenska sem annað mál verði viðurkennd námsgrein og fái viðhlítandi sess í Aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Að gerð verði hæfni- og matsviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál, þau samræmd á milli grunn- og framhaldsskólastigsins og sett í samhengi við Evrópska tungumálarammann.
- Kennurum á öllum skólastigum verði gert kleift að sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls í kennaranámi.
- Starfandi kennarar hafi greiðan aðgang að viðeigandi fræðslu og starfsþróun.
- Námsefnisgerð verði eflað og henni hraðað.
- Þátttakendur kalla eftir því að ráðamenn og samfélagið í heild [gefi íslensku séns](#).

Að málþinginu stóðu framhaldsskólateymi MEMM (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu), í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntavísindasvið HÍ og Kennaradeild HA.



Viðauki 5 - Íslenskubró í Breiðholti – tillögur verkefnisstjórnar

Menntamálaráðuneyti

➔ Sjálfstæð faggrein

- Mikilvægt er að íslenska sem annað mál verði sjálfstæð faggrein líkt og er á hinum Norðurlöndunum

➔ Námsmat

- Samræmt námsmat fyrir hvert hæfnistig sem er tilgreint í aðalánámskrá í íslensku sem öðru máli.

➔ Þekkingarþrep


- að samhliða hæfniviðmiðum í hæfniramma ÍSAT verði gerð þekkingarþrep eða ítarlegri námskrá fyrir íslensku sem annað mál.

➔ Stigskipt hæfniviðmið

- stigskipt hæfniviðmið í öllum faggreinum út frá hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru máli.
- nýkomnir nemendur þurfa einnig að læra önnur fög á íslensku.

➔ Íslenska í öndvegi

- Hlúa þarf að íslensku í almannarými.
- Stórefla þarf útgáfu á íslensku efni hvort sem það eru bækur, tónlist, sjónvarpsefni eða kvikmyndir.



Viðauki 6 - Áætlun um fræðslu og kynningar haustið 2025

MEMM haustið 2025

Námskeið, kynningar og erindi er hægt að panta í gegnum netfangið: postur@midstodmenntunar.is

- Menningarmót og fjölbreytt tungumál í skóla og frístundastarfi
- Foreldrafræðsla á mismunandi tungumálum um íslenskt skólakerfi (arabísku, úkraínsku, spænsku, pólsku og ensku)
- Brú milli landa: fyrir starfsfólk skóla um menningu í arabísku, úkraínsku, pólsku, spænsku, kúrdísku og filípísku með áherslu á skólakerfið í þessum löndum.
- Fjölmennning og inngilding
- Fræðsla um fordóma og hatursorðræðu
- Stikum af stað: stöðumat fyrir nýkomna nemendur
- Íslenska sem annað mál í grunnskólum: kennsluáætlanir og efnistöð
- Íslenska sem annað mál: námsefni
- Málstefnuvinna
- Hæfnirættar fyrir fjöltyngd grunnskólabörn
- Kynning á verkefnum líkt og Sammála og Samræðufélagar
- Hæfnirættar fyrir fjöltyngd leikskólabörn
- Mál og læsi í leikskóla með áherslu á fjöltyngi



Midstod menntunar
og skólagegjunnetta

MEMM

Menntun
Menning
Menning

HEIMILDASKRÁ

Hagstofa Íslands <https://www.hagstofa.is/>

Háskólinn á Akureyri. (2020). Samfélag fjölbreytileikans; Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi. Ritstjórar Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir.
https://opinisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2402/samfelfjolbr_stakar_corrected%2020.01.pdf?sequence=1&isAllowed=y

Hermína Gunnþórsdóttir. (2023). Fyrirlestur á Grunni Húsavík, 10.05.23.

Mennta- og barnamálaráðuneyti. (2024). Sveigjanleg nýting fjármuna í grunnskólastarfi. Samtal við sveitarfélög 2023.
www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Menntastefna/sveigjanleg-nyting-fjarmuna-i-grunnskolestarfi-0724.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). Menntastefna 2030. Fyrsta aðgerðaáætlun 2021-2024. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna_2030_fyrsta%20adgerdaratun.pdf

OECD. (2025). OECD Economic Surveys; Iceland.
https://www.oecd.org/en/publications/oecd-economic-surveys-iceland-2025_890dbe05-en.html

Rúnar Sigþórsson, Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jörunn Elíðóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Trausti Þorsteinsson. (2022). Skólaþjónusta sveitarfélaga í nútíð og framtíð: Viðfangsefni, starfshættir og skipulag.
<https://skolathraedir.is/2022/05/31/skolathjonusta-sveitarfelaga-i-nutid-og-framtid-vidfangsefni-starfshaettir-og-skipulag/>

Stjórnarráð Íslands. (2020). Drög að stefnu. Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf